

Föstudaginn 4. október 1996.

Nr. 371/1996.

Ákærvaldið

(Sigríður Friðjónsdóttir deildarlögfræðingur)

gegn

Herði Karlssyni

(Kristján Stefánsson hrl.)

Kærumál. Kærufrestur. Frávísun máls frá Hæstarétti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Arnljótur Björnsson og Markús Sigurbjörnsson.

Varnaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 26. september 1996, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 1. október sl. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjaness 1. júlí 1996, þar sem máli sóknaraðila á hendur varnaraðila er vísað frá dómi. Kæruheimild er í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Varnaraðili krefst þess, að hinum kærða úrskurði verði hrundið og lagt fyrir héraðsdómara að taka málið til efnismeðferðar. Þá krefst varnaraðili kærumálskostnaðar úr ríkissjóði.

Sóknaraðili gerir einnig þá kröfu, að héraðsdómara verði gert að taka málið til efnismeðferðar.

Sækjandi málsins og verjandi ákærða voru viðstaddir uppkvaðningu hins kærða úrskurðar, og tók því þá að líða þriggja sólarhringa kærufrestur samkvæmt 2. mgr. 144. gr. laga nr. 19/1991. Var fresturinn þess vegna liðinn, þegar kera barst héraðsdómi. Samkvæmt þessu verður málinu sjálfkrafa vísað frá Hæstarétti.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.